

Ráðstefna Sjómanna- sambandsins

Í gær var haldin í Reykjavík ráðstefna Sjómannasambands Íslands þar sem fjallað var um kjaramál og uppsögn kjarasamninga. Ráðstefnuna sóttu 30 fulltrúar hinna ýmsu sjómannafélaga innan SI.

Leitað að einum manni á trillu

Á fimmtudagsmorguninn fór lítil trilla frá Siglufirði. Um borð í trillunni var einn maður. Í gærmorgun var hafin leit að trillunni, en hafði ekki borið árangur í gærkvöld. Skip og flugvélar tóku þátt í leitinni og fjórur voru gengnar.

Átthagafjötr- ar Nixons

Washington 21/9 — Líkur eru á að Nixon forseti verði að hætta við fyrirhugaða ferð sína til Evrópu í haust er haft eftir heimildum í Hvíta húsinu.

Ástæðan fyrir þessari óvissu um heimshornaflakk Nixons er sú að hann er bundinn í báða skó heimafyrir vegna Watergate-málsins og annarra innanríkis-mála.

Skemmtun í Sindrabæ

Alþýðubandalagið á Höfn í Hornafirði efnir til fundar í Sindrabæ klukkan nýu í kvöld. Ræðumenn verða þeir Helgi Seljan alþingismaður og Ólafur G. Einarsson, menntaskólakennari.

Fjölbreytt skemmtiatriði verða síðan á fundinum, og að lokum verður stígninn dans fram eftir nóttu.

Þess er vænst, að sem flestir Alþýðubandalagsmenn og stuðningsmenn þeirra fjölmenni ásamt vinum og vandamönnum til þessarar skemmtunar.


Fréttamynd af ásiglingartilraun sennilega

Sýnd um alla V-Evrópu

Ómetanlegt framlag til kynningar okkar á fiskveiðideilunni

Eins og fyrr var frá skýrt voru samskipt kvikmyndatökum um borð í Ægi, þegar breska freigátan Lincoln reyndi að sigla á hann 20. þ.m. Þeir kvikmynduðu ítrekaðar ásiglingartilraunir freigátunnar vel og vandlega, og mun sú stórfróðlega fréttamynd hafa verið sýnd í danska og sænska sjónvarpinu þegar í gærkvöldi, og sennilega miklu víðar, að sögn Eids Guðnasonar, fréttamanns hjá sjónvarpinu.

Sviarnir, sem starfa við sænska sjónvarpið, voru þrír saman um



Haustsýning FÍM

Efri myndin, sem helst virðist sýna völvu eða norn, er eftir Harald Guðbergsson, hin eftir Örn Inga frá Akureyri og heitir Agat. — Nánar er sagt frá haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna á bls. 12.

Hefur notað svartolíu í ár:

Reynslan mjög góð

Sparnaður miðað við venjulega olíu
3-400 þúsund krónur á mánuði

Um þessar mundir er um ár liðið frá því að fyrst var sett svartolía á vélar togarans Narfa í reynsluskyni. Við höfðum samband í gær við Gunnar Bjarnason, fyrrverandi skólastjóra, og spurðum hvernig svartolíunotkun hefði reynst.

Gunnar sagði, að árangurinn væri mjög góður og það kæmi ekki fram neitt óvenjulegt slit. Gerðar voru mælingar á vélunum í gær og í fyrradag. Vélin er gömul með frekar lágum meðalþrýstingi og þýðir að henni er ekki eins hætt og vélum með hærri þrýstingi.

Narfi hefur notað olíuna samfleytt síðan í ágúst í fyrra og sparar milli 3-400 þúsund krónur

á mánuði miðað við verð á venjulegri olíu.

Gunnar sagði, að t.d. væru vélar togaranna Ögra og Vigra gerðar fyrir svartolíu, en útgerðin notaði hana ekki.

Gunnar benti á, að ef fleiri útgerðarmenn vildu reyna svartolíuna, þá þyrfti að fara varlega í sakirnar og vélstjórnarnir að vera vel fróðir um kosti svartolíunnar og hugsanlega galla miðað við vélartegundir.

Útgerðarmenn ræddu þetta mál nýlega á fundi og má búast við að þeir sýni þessu máli aukinn áhuga eftir hina góðu reynslu á notkun svartolíunnar. Þá fer olíuverð síhækkandi og breiðkar bilið stöðugt milli svartolíuverðs og verðs á venjulegri olíu.

sj.

14 sjúkrahús auglýsa eftir hjúkrunarliði

Ekki færri en 14 sjúkrahús auglýsa eftir hjúkrunarkonum í dálkinum „Lausar stöður“ í Tímariti Hjúkrunarfélags Íslands, 3. tbl. þessa árgangs, sem nýkomið er út. Er auglýst eftir mörgum hjúkrunarkonum á flestum stöðunum, svo ekki virðist ástandið vera að skána í hjúkrunarmálunum.

Efni blaðsins er annars að venju um ýmis hjúkrunarmál og fréttir af nýjungum á því starfs sviði. Sagt er frá alþjóðþingi hjúkrunarkvenna í Mexíkó á þessu ári, en það sátu af Íslands

hálfu þær María Pétursdóttir, Guðrún Marteinsson og Sigríður Bachmann. Einnig er skýrsla um ráðstefnu um æðri menntun í hjúkrun, sem haldin var í Haag á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO; sagt er frá 75 ára afmæli finnska hjúkrunarfélagsins og frá samvinnu hjúkrunarkvenna á Norðurlöndunum og fréttir eru af deildum félagsins.

Frá Borðtennis- sambandi Íslands

Á vegum Borðtennissambandsins verður kvikmyndasýning í Laugarásbíói laugardaginn 22. sept. kl. 14.00. Er hér um að ræða þrjár kvikmyndir, sem kinnverska sendiráðið útvegaði frá landsleik Kína og Japans, frá Asíu- og Afríkuþekki í borðtennis og að lokum stutt leikfílmmynd.

Sýningin tekur tvo klukkutíma. Heimsókn kinnverska landsliðsins verður í byrjun desember og er því fróðlegt að fá slíkt sýnishorn af borðtennis eins og hann gerist bestur í heiminum.

Í 15. sæti

Á Evrópumeistaramótinu í bridge töpuðu Íslendingar í gær fyrir Svíum 11 gegn 9. Ísland er nú í 15. sæti, en Ítalir, Frakkar og Ísraelsmenn eru í efstu þremur sætum. Íslendingar spila í dag við Ungverja og Ísraelsmenn.



Laugardagur 22. september 1973

Olof Palme:

„Ég mun sitja sem fastast“

Stokkhólm 21/9 — Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, lýsti því yfir í dag eftir fund í miðstjórn sósíaldemókrata að flokkur sinn myndi reyna að halda stjórnartæmum út kjörtímabilið sem er þrjú ár. Hann sagði einnig að hann teldi enga þörf fyrir að láta nýjar kosningar fara fram.

Hann sagði á blaðamannafundi að hann hefði trú á því að sósíaldemókratar gætu stjórnað áfram með svipuðum árangri og verið hefur þrátt fyrir jafna þingmannatölu borgaralegra og verkalyðsflokka.

Palme benti á að fram að þessu hefði stjórnin ætíð notið stuðnings a.m.k. eins stjórnarandstöðuflokks í öllum mikilvægum málum og hann bjóst við að það myndi ekki breytast. Hann sagði að stjórnin myndi í hverju máli fyrir sig taka afstöðu til þess hvar stuðnings yrði leitað.

Gösta Bohman, formaður Hóflegra sameiningarflokksins, lét í dag í ljós þá skoðun sína að Palme bæri að segja af sér. Forsætisráðherraefni stjórnarandstöðunnar, Thorbjörn Fälldin, hefur ekki enn krafist þess að Palme segi af sér en þó hefur hann haft það við orð að siðferðilega séð bæri honum að gera það.

CHILE

Marxískir flokkar bannaðir

Mótspyrna enn

Santiago 21/9 — Pinochet hershöfðingi og leiðtogi hershöfðingjaklikunnar í Chile hélt í dag blaðamannafund með erlendum fréttaritum. Hann sagði að marxískir flokkar yrðu bannaðir en önnur pólitísk réttindi yrðu innleidd að nýju „þegar fólkið æskir þess“ eins og hann orðaði það.

Hann vísaði á bug öllum staðhæfingum þess efnis að bandaríska stjórnin hefði stuttvaldaránid gegnum CIA. „Ekki einu sinni konan mín vissi um þetta fyrirfram“, sagði hann.

Pinochet vildi ekkert tjá sig um framvindu mála á næstunni í Chile en lagði ríka áherslu á að farin yrði „þjóðleg“ leið.

Þó enn sé víða veitt mótspyrna gegn valdaráni hershöfðingjanna eru þeir hinir bjartsýnustu á að lafa við völd. Segja þeir að næsta skref verði að gera efnahagsáttun og nýja stjórnarskrá og er hvort tveggja í undirbúningi.



Augusto Pinochet Ugarte; pólitísk réttindi endurreist „þegar fólkið vill það“.

Pinochet kvað valdaránid hafa verið nauðsynlegt til að binda endi á deilurnar við leiðtoga Alþýðufylkingarinnar. Þá endurtók hann klisjuna um að til hafi verið ýtarleg áætlun um valdarán af hálfu marxista og að í því valdaráni hefði verið gert ráð fyrir að myrða helstu leiðtoga stjórnarandstöðunnar.

Búist er við að herforingjaklikan muni ekki sitja við völd lengur en henni þykir nauðsynlegt til að koma á „röð og reglu“. Þá munu verða haldnar kosningar þar sem eingöngu „lýðræðisflokkar“ fá að bjóða fram.

Það þykir tákna að millistéttn setji traust sitt á herforingjana að gengi dollarans fellur dag frá degi á svartamarkaðnum. Þá þykir það einnig styrkja klíkuna í sessi að stjórnir Perú og Argentínu hafa á ný tekið upp eðlilegt stjórnmalasamskipti við Chile. Aftur á móti rúfu Sovétríkin stjórnmalasamband við landið en eflaust láta valdaræningjarnir það sér í léttu rúmi liggja.

Engan yfirdóm hér

Ríkisstjórn Íslands hefur hvað eftir annað krafist þess að bresk herskip verði kvódd burt af svæðinu, enda hafi þau engan rétt til að sigla á íslensk varðskip eða koma á annan hátt í veg fyrir að þau framfylgi íslenskum lögum, og áskilur ríkisstjórnin sér rétt til að slita stjórnmalasambandi ef slikur aðgerðum er áfram beitt. Akvörðun í því efni mundi tekin á grundvelli sönnunargagna Landhelgisgæslunnar og hlutabæigandi sjódoms.

Ríkisstjórnin og utanríkisráðgjafar eru sammála um að niðurstaða íslensks sjódoms sé að sjálfsögðu lokaorðið í deilum út af ásiglingum breskra herskipa á íslensk varðskip, enda sé þar um opin réttarhöld að ræða og að ekki komi því til greina að samþykka neins konar yfirdóm yfir íslenskum dómstólum.

Verkamenn deila við Landsvirkjun

Niu verkamenn Landsvirkjunar sem vinna við að setja upp vinnuskúra vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sigölduvirkjun lögðu niður vinnu í fyrradag, vegna ágreinings við Landsvirkjun um útskrift vinnuseðla. Unnu þessir menn heldur ekki í gær.

Landsvirkjun sendi í gær frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu:

„Í tilefni af auglýsingu í hádegisúthvarpinu í dag, sem undirrituð var „verkamenn Landsvirkjunar við Sigöldu“, óskar Landsvirkjun, að eftirfarandi komi fram:

Við Sigöldu er ekkert verkfall, enda hefur það ekki verið boðað. Hins vegar hættu niu verkamenn úr einum starfshópi vinnu sl. miðvikudagskvöld vegna ágreinings um útskrift vinnuseðla. Er þar sjónarmið Landsvirkjunar, að útskrift verkamanna hafi ekki verið í samræmi við gildandi kjarasamninga. Uppsögn verkamanna er í fyllsta máta í samræmi við gildandi kjarasamninga, þar sem þeir höfðu unnið það stutt hjá fyrirtækinu, að þeim bar ekki að

hafa frest á uppsögn sinni. Það skal tekið fram til að forðast hugsanlegan misskilning, að hér er um starfsmenn Landavirkjunar að ræða, en ekki verktaka, sem þar vinna á vegum Landsvirkjunar.“

Bláðið hafði samband við Þóri Danielsson, framkvæmdastjóra Verkamannasambandsins, vegna þessa máls í gær.

Þórir sagði að efnislega hefði auglýsing sú sem birtist í úthvarpinu í hádeginu í gær verið á þann veg, að þeir sem í stríðinu við Landsvirkjun uppi við Sigöldu standa, hefðu skorað á félaga sína innan ASI að styðja þá í baráttunni við Landsvirkjun, sem vill lækka kaup þeirra.

Þórir sagði að deilan þar efra stæði um það hvernig eigi að skrifa vinnutíma, en þar hafa verið skrifaðir fleiri tímar á hvern mann en unnir hafa verið, og fleiri en ströngustu ákvæði samninga kveða á um. Ekki vissi Þórir á hvaða forsendum þetta hefði tíðkast. Áttun Landsvirkjunar mun hafa verið að heimila ekki þessa umfram-tímaskrift, en þá lögðu þessir 9 menn niður vinnu.

Ekki vissi Þórir hve marga tíma hér er um að ræða, en bláðið hefur fregnað eftir króköttum vegum sannleikans, að um sé að ræða 500 krónur eða svo til hvers manns á viku hverri.


—úþ

Haustsýning FÍM á Kjarvalsstöðum

116 verk eftir 55 listamenn

Félag íslenskra myndlistarmanna opnar haustsýningu í sýningarsalnum í Kjarvalsstöðum í dag klukkan 18, og stendur sýningin til sunnudagsins 30. september og verður opin kl. 16-22 alla daga. Sýna þar fimmtíu og fimm listamenn, þar af þrjátíu félagsmenn og tuttugu og fimm utanfélagsmenn. Alls eru hundrað og sextíu verk á sýningunni af þrjú hundruð tuttugu og einu, sem inn var sent. Næsta haustsýning félagsins áður var í Norræna húsinu í september 1971.

Leifur Breiðfjörð, formaður sýningarnefndar, sagði þjóðviljanum að það væri félagsmönnum óblandin ánægja að geta nú haldið sýningu í verðugum húsakynnum. Það hefði alltaf verið stefna félagsins að gera haustsýningarnar að árvissum lið í myndlistarlífi höfuðborgarinnar. Síðan Listamannaskálan gamla leið, hefði félagið verið á hrakholum með húsnæði fyrir haustsýningarnar. Ennþá hefði félagið ekki fengið starfsaðstöðu, sem nauðsynleg væri til þess að hægt



„Hann heitir nú frá höfundarins hálfu Karlinn í tunglinu, en við köllum hann okkar á milli Allsherjargóðann“, sagði einn listamannanna um þessa höggmynd Magnúsar A. Arnasonar.

væri að undirbúa sýningar sem þessar lengi og rækilega. „Það er þó forsenda þeirrar reisnar, sem við viljum að verði yfir þessu ólbogabarni“, sagði Leifur.


Málverkin eru sem fyrr mest áberandi liður sýningarinnar, en þar að auki eru sýndar höggmyndir, vefnaður, teikningar, grafík og vatnslitamyndir. Nitján listamannanna, sem verk eiga á sýningunni, eru nú í fyrsta sinni með á haustsýningu hjá félaginu.

Heildarsvipur sýningarinnar er allfjölbreytilegur og þó nokkuð fjórlegur, enda eru þarna hver í bland við annan eldri og þekktari listamenn og ungir og nýir af nálinni; þannig sagði Hringur Jóhannesson, einn úr sýningarnefndinni, okkur að þeir nemiðna sinna úr Myndlistarskólanum frá því á síðasta starfsári ættu þarna verk. Þarna sýnir líka einn Akureyringur, Örn Ingi, og mun þetta vera í fyrsta sinn að Norðlendingur búsettur fyrir norðan er með á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna.

Eins og nærri má geta,

kennir margra grasa í stíl og túlkunarmáta, en „tilhneigingin virðist heldur vera í átt til þess finguratifa“, sagði Leifur Breiðfjörð. — Í sýningarnefnd eru auk hans

Hringur Jóhannesson, Bragi Asgeirsson, Svavar Guðnason, Einar Þorláksson Hrólfur Sigurðsson, Guðmundur Benediktsson, Magnús A. Arnason og Sigurjón Ólafsson.



Eiríkur Arni Sigtryggsson er einn ungu manna á sýningunni. Kvenmenn og fallosar eru mjög áberandi atriði í list hans, en hér hefur hann aukheldur fiska með, eins og eðlilegt má kalla hjá þjóð, sem byggir allt sitt á sjávarútvegi.